

## 007 lýðræði Vesturlanda. „Licence to kill.“ Eða með morðleyfi frá miðjumoðsstjórnámálamönnum

Hinn gáfaði, franskur félagsfræðingur, Emmanuel Todd, sagði: Það mætti með nokkrum sanni kenna vestræn lýðræðisríki við njósnarann, 007. Þau veita eins og ofursnillingurinn breski, James Bond, sjálfum sér leyfi til að drepa.

Þetta stunda Natóríki; Serbía, Libía, Afganistan, Sýrland, Írak, Palestína, Líbanon og svo framvegis. Bandaríkjamenn eru iðnastir við kolann. Það hefur varla liðið eitt ár, frá lokum annarrar heimsstyrjaldarinnar, að þau hafi ekki komið sér upp stríði, beitt þjóðir ofurvaldi vopna og viðskiptaþvinganna. Þær eru ekki síður skeinuhættar.

Viðskiptaþvinganir drepa einkum börn. Magdaleiee Albright (1937-2022), utanríkisráðherra Bandaríkjanna, þótti það góður kostur í framhaldsstríði við Íraka vegna sjálfsspunninnar lygi um gereyðingarvopn. Þar var drepin um hálf milljón barna eða „dýra.“

Lygar eru snar þáttur í hernaði. Lygar Ísraelsmanna um varnir gegn síðustu hryðju drápsflauga frá Íran voru þuldar af skyldurækni af fréttastofu RÚV. Nú er reynt að telja fólki trú um, að Sýrlendingar séu í þann mund að koma sér upp kjarnorkuvopnum og að 40.000 manna herlið Jemena stefni á hernumdar Gólanhæðir.

Hrumi öldungurinn, Josph Biden, lofar hefndum. Bandaríkjamönnum og Frökkum tókst ekki að verja Ísrael. Íranar sendu þeim – eins og Hisbolla og Yemener líka geta gert – nokkrar ofurhraðaflaugar, sem Vesturlönd hafa fá svör við. Íranar beindu flaugunum að hernaðarmannvirkjum. Þeir hafa enn þá ekki fundið hjá sér þörf til að drepa almenna borgara. Virða alþjóðalög.

Bandaríkjamenn sendu SM-varnarskeyti gegn kveðjum Írana. Þau eru líklegust til árangurs. En sá er gallinn á gjöf Njarðar, að framleiðsla þeirra og viðhald skipakostsins hefur stöðvast. Það er þáttur í því allsherjarhruni, sem blasir við Bandaríkjunum, ef fram fer sem horfir.

Stóru tíðindin á leiksviði dauðans eru hins vegar þau að telja megi líklegt, að Rússar séu að snúa baki við Ísraelum. Það má leiða að líkum, að Íranar hafi átt samráð við Rússa um gagnárásina á Ísrael. Þeir þurfa nefnilega að vera undirbúnir undir hefndarárás Ísraels og Nató.

Andsvar við henni verður vafalítið tortíming herstöðva Nató í Miðausturlöndum. Ráðist Nató að olíustöðvum Írana sjá allir í hendi sér, hvað verður um efnahag Vesturlanda - og Asíu reyndar einnig.

En hvernig sem heimurinn velkist og veltist, sitja Síonistarnir við sinn keip. Meðan sprengjum rignir yfir Landið helga, ber Yitzchak Ginsburgh, sér á brjóst og staðhæfir, að Guð hafi gefið Ísraelsmönnum Líbanon – eins og stórar sneiðar úr Miðausturlöndum.

Þennan speking þyrfti að fá til kennslu í Sunnudagskóla Sjálfstæðisflokksins. Aumingja „Sjálfstæðisparið“ kvartar eins og Landlæknir hástöfum yfir „upplýsingaóreiðunni“ í veröldinni í sambandi við loftlagshamfarir, lyfjafyrirtæki, Rússa og Ísraelsmenn.

Það hlyti líka að verða pláss fyrir Amichai Cikle, ráðherra í morðsveit Bensa-Banamorðingja. Hann segir líka, að Líbanon sé eiginlega ekki ríki. Því hafi Ísraelsmenn rétt til að gera þar innrás.

Sama á við um Sýrland og Íran. Nató mistókst að leggja undir sig Sýrland. En nú kynni að vera komið að Íran, samkvæmt áætlunum um hina nýju öld Bandaríkjanna og áætlun Ísraelsmanna um hreina skurðinn.

Það er alla vega enginn hörgull á mannvitsbrekkum í Landinu helga, enda er aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna bannað að tylla þar niður fæti. En trúlega yrði fráfarandi utanríkismálastjóra Evrópusambandsins, Joseph Borell, boðið á rauðan dregil. Hann sagði nefnilega, að í Evrópu blómstri hámenning, en villimennskan utan hennar. Og eins og allir vita eru Síonistar Austur-Evrópumenn að mestu leyti.

<https://www.aei.org/op-eds/the-u-s-navys-missile-production-problem-looks-dire/>

[https://steigan.no/2024/10/iran-har-truffet-flere-israelske-baser-i-massive-rakettangrep/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/10/iran-har-truffet-flere-israelske-baser-i-massive-rakettangrep/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://korybko.substack.com/p/true-promise-ii-did-iran-restore?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=835783&post\\_id=149699085&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/true-promise-ii-did-iran-restore?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=149699085&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://steigan.no/2024/09/israelsk-minister-libanon-er-ikke-en-stat-tar-til-orde-for-a-ta-den-sorlige-delen/>

[https://beeley.substack.com/p/israels-war-on-lebanon-syriana-analysis?utm\\_source=podcast-email&publication\\_id=716517&post\\_id=149701812&utm\\_campaign=email-play-on-substack&utm\\_content=watch\\_now\\_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://beeley.substack.com/p/israels-war-on-lebanon-syriana-analysis?utm_source=podcast-email&publication_id=716517&post_id=149701812&utm_campaign=email-play-on-substack&utm_content=watch_now_button&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://gilbertdoctorow.com/2024/10/02/washington-pushes-china-into-russias-arms-pushes-iran-into-russias-arms/>

<https://missilethreat.csis.org/country/iran/>

[https://alexkramer.substack.com/p/iran-missile-attack-what-we-learned?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=1063805&post\\_id=149702215&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://alexkramer.substack.com/p/iran-missile-attack-what-we-learned?utm_source=post-email-title&publication_id=1063805&post_id=149702215&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

[https://steigan.no/2024/10/uutholdelig-middelmadighet/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/10/uutholdelig-middelmadighet/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.middleeastmonitor.com/20241001-jerusalem-post-deletes-article-claiming-lebanon-is-part-of-israels-promised-land/>

[https://glenniesen.substack.com/p/economic-collapse-and-the-post-american?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=2670149&post\\_id=149698160&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://glenniesen.substack.com/p/economic-collapse-and-the-post-american?utm_source=post-email-title&publication_id=2670149&post_id=149698160&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://libertarianinstitute.org/articles/americans-have-learned-nothing-since-9-11/>

[https://www.kitklarenberg.com/p/collapsing-empire-the-day-sanctions?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=552010&post\\_id=149608672&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://www.kitklarenberg.com/p/collapsing-empire-the-day-sanctions?utm_source=post-email-title&publication_id=552010&post_id=149608672&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://www.construction-physics.com/p/why-cant-the-us-build-ships> - [https://steigan.no/2024/09/hvorfor-kan-ikke-usa-byggeskip/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2024/09/hvorfor-kan-ikke-usa-byggeskip/?utm_source=substack&utm_medium=email)

[https://mearsheimer.substack.com/p/john-mearsheimer-and-jeffrey-sachs?utm\\_source=post-email-title&publication\\_id=1753552&post\\_id=149008038&utm\\_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm\\_medium=email](https://mearsheimer.substack.com/p/john-mearsheimer-and-jeffrey-sachs?utm_source=post-email-title&publication_id=1753552&post_id=149008038&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

<https://cluborlov.blogspot.com/2019/07/war-profiteers-and-demise-of-us.html>

<https://caitlinjohnstone.com.au/2024/09/10/the-us-empire-can-only-exist-in-a-continuous-state-of-mass-military-violence/>

<https://www.jpost.com/israel-hamas-war/article-821752>